



2013

Skýrsla æskulýðsnefndar Sóta



EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	1
---------------------	----------

INNGANGUR	2
ÆSKULÝÐSNEFND SÓTA	2
DAGSKRÁ VETRARNIS	3

FÉLAGSSTARF	3-4
--------------------	------------

BÖKUNARDAGUR
KÓSÝKVÖLD
ÖSKUDAGSREIÐ
BINGÓ-BRÖNS
ÓVISSUFERÐ
FJÖRU-FJÖR
SPILAKVÖLD

NÁMSKEIÐ	4-5
-----------------	------------

ALMENNT REIÐNÁMSKEIÐ
KEPPNISNÁMSKEIÐ
POLLANÁMSKEIÐ
„AÐ KOMA SÉR AF STAÐ”
KNAPAMERKI

ANNÆÐ	6
--------------	----------

ÆSKAN OG HESTURINN
HESTADAGAR
FRAMUNDAN Á ÞESSU ÁRI
SAMANTEKT

INNGANGUR

Æskulýðsnefnd Sóta hefur það að markmiði að þjappa börnunum í félaginu saman auk þess að fá fleiri ný börn inn í félagið. Í vetur var boðið uppá fjölbreytta fræðslu og skemmtun, bæði fyrir þau sem ríða mikið út og aðra sem eru áhugasöm um hestamennsku.

Það er mikið af börnum sem fylgja fullorðnum iðkendum í Sóta og oft mikið líf í hverfinu þar sem börnin eru í leikjum á meðan þau fullorðnu ríða út. Erfiðlega hefur gengið að fá mörg börnin til að stunda hestamennsku, hvernig sem á því stendur en þau eru að minnsta kosti áhugasöm að koma með í hesthúsið og leika við önnur börn og er þetta góður og þéttur hópur.

Reynt er að brydda uppá einhverjum **nýjungum** og hverju ári og urðu þær nokkrar á þessu ári eins og lesa má í skýrslunni.

Þar sem Sóti er frekar lítið félag þá eru flestar uppákomur æskulýðsnefndar í boði fyrir alla enda er ekkert kynslóðabil í hestamennsku og gaman að hafa sem flesta með.

Æskulýðsnefnd Sóta gaf út **dagatal** með myndum af börnum í félaginu og var það selt til styrktar starfinu. Vetrardagskrá félagsins var sett inná dagatalið en þá má skoða dagatalið hér: http://issuu.com/hestsoti/docs/dagatal_2013

Einnig sá æskulýðsnefnd alfarið um **kaffiveltingar á öllum mótum** félgsins og voru börnin fengin til að afgreiða og þess háttar. Allur ágóði rann til æskulýðsmála.



ÆSKULÝÐSNEFND SÓTA

Aðalfundur Sóta er haldin í nóvember/desember ár hvert og voru þá eftirtaldir tilnefndir í æskulýðsnefnd:

Steinunn Guðbjörnsdóttir, formaður
Eyrún Sigurjónsdóttir
Þórey Edda Heiðarsdóttir
Guðleif Níadóttir
Haraldur Aikman

Fundir voru haldnir eftir þörfum og tóku allir í nefndinni virkan þátt í undirbúningi viðburða.



DAGSKRÁ NEFNDARINNAR 2013

29.janúar	Bökunardagur
13. febrúar	Grímureið
22. febrúar	Kósýkvöld
10. mars	Bingó-bröns
9.apríl	Fræðslukvöld
19-20. apríl	Óvissuferð
9. maí	Æskulýðsleikar
24. maí	Fjöru-fjör
24. október	Uppskeruhátíð



FÉLAGSSTARF

Bökunardagur

Ákveðið var að endurtaka hestanammidaginn frá í fyrra og hitteðfyrra en einnig var ákveðið að bjóða uppá bakstur fyrir eldri krakkana. Að þessu sinni var því bæði búið til hestanammi (fyrir hestana) og bakaðar flatkökur að íslenskum sið. Mæting var góð og var foreldrunum boðið uppá rjúkandi heitar flatkökur með smjöri þegar börnin voru sótt.



Kósýkvöld

Nýjung hjá Sóta! Börnunum var skipt uppí yngri og eldri deild og mættu yngri börnin kl. 18:00 og þau eldri kl. 20:00. Báðir hóparnir mættu í náttfötum, horfðu á spólu, boðið var uppá snakk og gos en markmiðið var bara að hafa það huggulegt með börnunum. Þátttaka var góð en erfitt var fyrir yngri deildina að hætta þegar sú eldri mætti. Eldri deildin tók einnig í spil.



Grímureið á öskudag

Þar sem grímureiðin 2012 (nýjung þá) tókst svo vel var ákveðið að bjóða aftur uppá grímureiðarhring á Álftanesinu. Þátttaka var fín, veðrið gott og vöktu börnin athygli í sveitarfélaginu. Sumir lögðu mikið í búninga og skreyttu hestana líka. Mjög skemmtileg uppkoma!



Bingó-bröns fjáröflun

Var haldin í þriðja skiptið og að fengum við aftur sal Álftanesskóla. Stofnaður var viðburður á facebook og hefur mæting aldrei verið jafn góð. Nefndin stóð sveitt við að steikja egg og beikon og morgunverðarborðið svignaði undan kræsingum (sem við fengum mestmegnis gefins í styrk) Andrés, bingóstjóri Álftaness stjórnaði bingó af sinni alkunnu snilld og safnaðist dágóð upphæð.



Óvissuferð

Þar sem börnin höfðu verið dugleg að safna í vetur (dagatal, kaffiveitingar, bröns)var ákveðið að fara í flotta ferð þar sem gisti yfir nótt. Lagt var af stað í rútu á föstudegi og ekið að Kjóstöðum þar sem hópurinn gisti, stelpur í einu húsi og strákar í öðru. Ýmsar uppákomur voru á leiðinni, bæði hestatengdar og ekki. Vegna veðurs urðum við að sleppa aðaldagskrárliðnum (aparólu í Hveragerði) en gert var margt annað skemmtilegt s.s. sveitakeppni á Vorsabæ, farið í leiki, í sund, reiðhöllin á Selfossi heimsótt og margt annað. Hvorki meira né minna en 20 börn tóku þátt ferðinni auk allra í nefndinni. Hér má sjá videomynd frá ferðinni: <https://www.youtube.com/watch?v=OaSRFB5XwLA>



Fjöru-Fjör

Reynt var að endurtaka leikinn frá í fyrra og bjóða uppá skemmtilegheit í fjörunni við Haukshús. Við sendum boð á Sprettara (Sprettur var valinn vegan sameiningar Álftaness og Garðabæjar) en skemmst er frá því að segja að enginn skráði sig frá Spretti og einungis 3 manns frá Sóta og var því ákveðið að fella þennan dagskrárlið niður. Vonandi gengur betur næst því þetta er mjög skemmtileg uppákoma fyrir alla aldurshópa.

NÁMSKEIÐ

Boðið var uppá eftirtalinn námskeið á vegum félagsins og fóru þau öll fram í nýju, lokuðu gerði félagsins:

Almennt reiðnámskeið - 8 tímar

Kennt verður einu sinni í viku, á þriðjudögum (eftir kl. 17:00) og laugardögum (sitthvora vikuna)

Kennari: Jelena Ohm

Skipt verður upp í getu og/eða aldurshópa. Lögð verður áhersla á ásetu og stjórnun en námskeiðið er fyrir alla, frá byrjendum til lengra komna.



Framhaldsnámskeið - 8 tímar

Apríl og maí

Kennari: Jelena Ohm

Fyrir alla en hentar vel fyrir þá sem taka þátt í almennu reiðnámskeiði.



Pollanámskeið - 6 tímar

Apríl og maí

Keppnisnámskeið - 8 tímar

Apríl og maí

Kennari: Atli Guðmundsson



Knapamerkjanámskeið

Knapamerkjanámskeiðin voru haldin í samvinnu við hestamannafélagið Sörla og voru samtals þrír nemendur frá Sóta, tvær luku 5.stigi og ein lauk öðru stigi.

Einnig var bætt við:

„Að koma sér af stað" námskeið

Kennari: Jóna Guðný Magnúsdóttir



Samtals: 6 tímar

Kennsla fer fram í gerðinu og verður eftir þörfum hvers og eins. Teymt undir þeim sem vilja

Námskeiðið er sniðið fyrir þá sem hafa lent í óhappi en vilja koma sér af stað aftur. Farið verður í grunnkennslu. Námskeiðið endar með grillveislu og skemmtilegheitum.

Illu gekk að fá börn til að taka þátt í námskeiðum og þurfi að fella flest námskeið niður sökum þátttökuleysis. Verði var still mjög í hóf en námskeiðin kostuðu frá 4.000 – 8000.- svo ekki hefur verðið fælt frá. En þetta er greinilega eitthvað sem þarf að taka til nánari skoðunar.

ANNAÐ

Æskan og hesturinn

Á fyrsta fundi æskulýðsnefndar var rætt um hvort Sóti ætti að taka þátt en draumurinn er að Sóti verði með sér atriði í sýningunni. En þar sem fair krakkar eru almennilega hestfærir var ákveðið að Sóti yrði ekki með annað árið í röð.

Hestadagar

Sóti var með opið hús á hestadögum og komu margir að heimsækja félagið.

Æskulýðsnefnd var sérstaklega hvött til að mæta og teyma undir börnum og gekk það mjög vel. Einnig var boðið uppá hestafótbolta í gerðinu og tóku nokkur börn þátt í þeirri upptöku. Erfiðlega gekk hins vegar að fá reiðmenn til að taka þátt í skrudgöngunni og er það áhyggjuefni.

Dagatal

Eins og áður hefur komið fram gaf æskulýðsnefnd út dagatal í upphafi árs sem selt var til félagsmanna. Á dagatalinu voru myndir af börnum í félaginu.

Kaffisala

Æskulýðsnefnd sá alfarið um kaffisölu á mótum félagsins en börnin tóku virkan þátt í söluinni.

Framundan á þessu ári:

Uppskeruhátið

Í október er stefnt að árlegri uppskeruhátið æskulýðsnefndar þar sem hópurinn gerir eitthvað skemmtilegt saman og veittar eru viðurkenningar. Í fyrra fórum hópurinn í Skemmtigarðinn m.a. í lasertag og allir fengu pizzu. Í ár er stefnt á að fara í reiðtúr með íshestum og koma ÖLLUM börnum á hestbak!

NIÐURLAG

Starf æskulýðsnefndar er mikið og nóg að gera í sjálfböðavinnu fyrir meðlimi hennar. En þegar „uppskeran“ er góð, og börnin eru ánægð, er það allrar vinnunar virði.

Það er hins vegar mikið áhyggjuefni hversu fá börn í félaginu eru ríðandi. Hvað veldur er erfitt að segja en spurning er hvort vanti þæga og góða hesta í hesthúsin?



Hestamennska er dýrt sport og það kostar jafnmikið að hafa gæðing á húsi og barnahest. Það kostar vinnu að fá börnin á bak og nauðsynlegt er að þau fái hesta við hæfi þegar fyrstu sporin eru stigin. Það lenda allir í að bakslag komi nokkrum sinnum meðan verið er að þjálfra hesta og börn en aðalmálið er að gefast ekki upp og leyfa börnunum að njóta sín á þeirra forsendum. Æskulýðsnefnd Sóta bauð uppá alls kyns námskeið til að hjálpa börnunum af stað en það var hreinlega enginn þátttaka! Spurningin er hvort þetta sé meira foreldravandamál en eitthvað annað eða er kannski erfitt að finna dauðþæga hesta í dag?

Við endurtökum því niðurlagið frá í fyrra: „Það er einlæg ósk okkar að æskulýðsstarfið haldi áfram að vaxa og dafna því án æskunnar og nýliðunar í greininni nær hestamennskan ekki að blómsta“

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Sóta

Steinunn Guðbjörnsdóttir

